



Reglur um afskriftir krafna hjá Fjarðabyggð

1. gr.

Bæjarráð skipar nefnd sem tekur ákvarðanir um afskriftir og niðurfellingu krafna á hendur viðskiptamönnum sveitarfélagsins. Nefndin skal skipuð fjármálastjóra, innheimtufulltrúa og forstöðumanni stjórnssýslu. Nefndin skal funda eftir þörfum en þó ekki sjaldnar en ársfjórðungslega. Nefndin skal halda fundargerðir um niðurstöður sínar. Bæjarstjóri situr fundi nefndarinnar og skal staðfesta fundargerðir nefndarinnar áður en afskrift eða niðurfelling fer fram.

2. gr.

Við mat á kröfum til afskriftar skal leggja greiðslusögu viðskiptamanns til grundvallar auk eftirfarandi:

- a) Kröfur sem hafa farið í gegnum milliinnheimtuferil Fjarðabyggðar og/eða í innheimtu hjá innheimtulögfræðingi Fjarðabyggðar eða sýslumanni.
- b) Mat milliinnheimtuaðila, innheimtulögfræðings og/eða sýslumanns á möguleikum til innheimtu kröfu skal liggja fyrir. Matinu skal fylgja röksemdarfærsla ef litlar eða engar líkur eru taldar á innheimtu skuldar.
- c) Ef aðstæður bera það með sér að frekari innheimtuaðgerðir beri ekki árangur er nefndinni heimilt að afskrifa viðkomandi kröfu án utanaðkomandi mats svo og ef kostnaður við innheimtu er fyrir sjánalega meiri en möguleg innheimta kröfu. Rökstuðningur skal fylgja tillögu að slíkri afskrift.

3. gr.

Allar kröfur sem stofnast í nafni Fjarðabyggðar, stofnana og fyrirtækja falla undir reglur þessar.

4. gr.

Kröfur sem eru afskrifaðar hjá Fjarðabyggð skulu fara í kröfuvakt hjá innheimtulögfræðingi eða milliinnheimtuaðila þar sem það er mögulegt.

5. gr.

Fjármálastjóri hefur heimilt til að samþykkja og árita fyrir hönd Fjarðabyggðar tillögur sýslumanns á afskriftum eftirstöðva útsvars. Tillögur sýslumanns og samþykki fjármálastjóra skal leggja fram á fundum afskriftarnefndar.



6. gr.

Fjármálastjóri hefur heimild til að fella niður innheimtu á kröfum Fjarðabyggðar og stofnana án þess að leggja það fyrir afskriftarnefnd þegar niðurfellingin er liður í heildarsamkomulagi um innheimtu krafana við skuldara og með samkomulagið megi meta sem betri niðurstöðu fyrir Fjarðabyggð í heildina. Heildarupphæð slíkrar niðurfellingar má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 2 milljónir króna. Niðurfellingar sem nema hærri upphæð fara fyrir afskriftarnefnd.

7. gr.

Vextir og dráttarvextir skulu innheimtir af öllum kröfum Fjarðabyggðar ef ekki er staðið í skilum með kröfur á réttum gjalddögum. Fjármálastjóra er heimilt að lækka eða fella niður vexti, dráttarvexti og/eða innheimtukostnað af kröfum ef:

- a) Sannarlega er hætta á að kröfur tapist ef ekki er gefinn afsláttur af vöxtum, dráttarvöxtum eða innheimtukostnaði.
- b) Sannarlega er vafi á innheimtuárangri krafna að öðrum kosti eða kröfur hafa ekki verið meðhöndlaðar á réttan hátt í samræmi við góða stjórnsýslu og venjur Fjarðabyggðar.
- c) Þegar um heildaruppgjör greiðanda er að ræða á uppsöfnuðum kröfum og vanskilum þar sem meta má hagsmuni Fjarðabyggðar verulega á að ljúka innheimtu með samkomulagi.

Við mat á niðurfellingu vaxta, dráttarvaxta eða innheimtukostnað skal fjármálastjóri hafa að leiðarljósi jafnræði greiðenda.

Fjarðabyggð 11. janúar 2019


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í bæjarráði 17. desember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 10. janúar 2019